

Kjalnesingur

8. tbl. 13. árg.

Fréttabréf Íbúasamtaka Kjalarness

28. nóvember 2013

Blaðið er nú með óhefðbundnu sniði þar sem að þessu sinni eru einungis tilkynningar og auglýsingar vegna aðventunnar sem nú er að ganga í garð.

Áætlað er að næsta blað komi út upp úr miðjum desember með jólahugvekju, auglýsingum og jólakveðjum.

Eins og sjá má á þessu blaði var leitað til fagmanna með prentun. Áferðin er mikið skemmtilegri og býður einnig upp á litprentaða kápu eða litprentað blað á hátíðarstundum en vissulega verður prentunin umtalsvert dýrari. Prentari ÍK er farinn að þreytast og því er nauðsynlegt að endurmeta útgáfu Kjalnesings í upphafi næsta árs m.t.t. hvað við eigum að leggja mikið í blaðið og þá einnig hvort mögulegt

sé að fá meiri tekjur en nú er vegna auglýsinga og útgáfustyrkja. Ætla má að með þessu móti verði útgáfu-kostnaður fast að kr. 900þús en styrkir nema í dag um helmingi þeirrar upphæðar.

Í upphafi næsta árs stefnum við að aðalfundi Íbúasamtaka Kjalarness. Fyrir utan hefðbundin verkefni sem snúa að hagsmunamálum íbúa höldum við einnig úti heimasíðu, fésbókarhópi og hverfisblaðinu Kjalnesingi. Þá sér ÍK enn um rekstur Fólkvangs en fljótlega er stefnt að því að sérstakt rekstrarfélag sem stofnað hefur verið sjái um reksturinn.

ÁH

Á döfinni er netpóstur sem sendur er út til þeirra sem eru á netfangalista Íbúasamtakanna.

Þeir sem vilja fá vikulegar upplýsingar um það sem er framundan geta skráð sig með því að senda póst á netfangið ik@kjalarnes.is.

Hér er sýnishorn af því sem er framundan en nánari upplýsingar eru í blaðinu:

- Laugardagar **kl. 11** Fjölskyldutímar í Íþróttahúsinu alla laugardagsmorgna
- Laugard. 30. nóv **kl. 11 - 16:** Jólalré í skógi, Fossá í Kjós
- Laugard. 30. nóv **kl. 11 - 14:** JÓLAFÖNDUR skógræktarfélagsins, Fólkvangur
- Laugard. 30. nóv: **kl. 11 - 14:** JÓLABASAR Kvenfélagsins ESJU, Fólkvangur
- Laugard. 30. nóv: **kl. 12:** Konfekt GANGA Fjallavina. Mæting við Esjustofu
- Laugard. 30. nóv: **kl. 17:** Ljós tendruð á jólalréi við leikvöllinn í Grundarhverfi
- Sunnud. 1. des. **kl. 11:** JÓLABINGÓ UMFK í Fólkvangi
- Sunnudagar **kl. 11:** Sjósund alla sunnudaga. Mæting við Klébergslaug
- Laugard. 7. desember **kl. 10 - 15:** JÓLAHELGIN á glerverkstæðinu, Gler í Bergvík
- Sunnud. 8. desember **kl. 10 - 15:** JÓLAHELGIN á glerverkstæðinu, Gler í Bergvík
- Sunnud. 8. desember **kl. 11:** Sunnudagaskóli í Brautarholtskirkju
- Sunnud. 8. desember **kl. 11 - 16:** Jólalré í skógi, Fossá í Kjós, Skóræktarfélag Kjalarness
- Sunnud. 8. desember **kl. 17:** AÐVENTUKVÖLD í Fólkvangi
- Laugard. 21. desember **kl. 12 - 21:** Skötuveisla í Fólkvangi.

Kjalnesingur

Útgefandi: Íbúasamtök Kjalarness
Ábyrgðarmaður: Ásgeir Harðarson
Netfang: kjalnesingur@kjalarnes.is

Kjalnesingur

Við fögnum öllu efni sem berst til okkar og reynum eftir föngum að birta það við fyrstu hentugleika.

Þá eru allar auglýsingar afar vel þegnar einkum ef smávægilegur útgáfustyrkur fylgir með.

Að þessu sinni er blaðið fullt af auglýsingum um viðburði í upphafi aðventu.

Undirbúningur að útgáfu næsta blaðs er því hafinn og stefnt að næstu útgáfu upp úr miðjum desember.

Alltaf má hafa samband við okkur á netfangið: ik@kjalarnes.is og síma Fólkvangs 662 5566



Reykjavíkurborg styrkir Kjalnesing fyrir hluta af útgáfukostnaði.



Reykjavíkurborg

Kjalarnes á fasbókinni



Vakin er athygli á fésbókarhópum sem tengjast Kjalarnesi. Einn heitir Kjalarnes og önnar Grænt Kjalarnes. Þessir hópar eru öllum opnir og mjög góðir til skoðanaskipta um fjölmörg málefni. Auk þess eru íbúasamtökin með fésbókarsíðuna Kjalarnes.is. Við hvetjum alla Kjalnesinga til að nýta sér þessa samskiptamáta.

Kvenfélagið Esja

Fastir fundir verða í Fólkvangi annan miðvikudag í mánuði kl 20:00

Framundan er JÓLABASAR í Fólkvangi þann 30. nóvember kl. 11 - 14.

Netfangalistinn "á döfinni"

Íbúasamtök Kjalarness hafa haldið utan um póstlista sem telur yfir 300 netföng hjá íbúum á Kjalarnesi.

Þessi netfangalisti er nýttur til að koma skilaboðum til íbúa eða vekja athygli á viðburðum á Kjalarnesi. Ef þú hefur ekki fengið póstinn "á döfinni" frá ÍK á síðustu vikum ertu ekki á þessum póstlista.

Með því að senda póst á ik@kjalarnes.is merktur "póstlisti" verður netfang þitt skráð á þennan lista.

Skráðu þig á póstlistann

Vefur okkar Kjalnesinga www.kjalarnes.is sendir sjálfkrafa út raf-póst til þeirra sem skrá sig á póstlistann þegar fréttir eða tilkynningar eru ritaðar á vefinn. Viljum við hvetja alla sem áhuga hafa á umhverfi sínu og samfélagi að skrá sig á póstlistann.

Vinsamlegast sendið okkur póst á kjalnesingur@kjalarnes.is og óskið eftir að verða skráð á póstlistann.

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-borðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffiu Sóleyju í síma 662 5566.

Það var...
of mikill pappír
í tunnunni
...þegar við komum

Þess vegna var
tunnan ekki lósuð.
Flokkar þarf
pappírinn frá.

Myntu þér breytta
sorphirðu á slóunni
pappírekkirust.is
eða í síma: 411 1111

EKKI LOSAÐ

Nú þarf að vanda sig!

Eftir 10. október verða
gráar og grænar tunnur
sem innihalda pappír
eða pappa ekki tæmdar.

Bættu við blánni tunnu
með einu samtali í **4 11 11 11**
eða með tölvupósti á
sorphirða@reykjavik.is
og sparaðu þér peninga og
fyrirhöfn.

Þú finnur allt um flokkunar-
reglurnar á pappirekkirust.is.

- Taka þetta að fátaka!

 Reykjavíkurborg 

Veldu jólatré í skógi

Jólatrjáasala að Fossá í Hvalfirði

Hefð hefur skapast fyrir því að Fossá Skógræktarfélag bjóði fólki að koma og velja sér jólatré til kaups úr skógræktinni að Fossá í Kjós og með því aðstoðað við grisjun á svæðinu. Þessi þáttur hefur verið einn af megin stólpum í fjármögnun Fossá Skógræktarfélags undanfarna áratugi.

Skógræktarfélag Kjalarness ásamt skógræktarfélagunum í Kjós, Mosfellsbæ og Kópavogi eru eigendur að Fossá.

Opnunartími: Það verður opið næstu fyrstu helgar milli klukkan 11 og 16 eins og hér segir

Laugardagur 30. nóv. Skógr.f. Kópavogs

Laugardagur 7. des. Skógr.f. Mosfellsbæ

Sunnudagur 8. des. Skógr.f. Kjalarness

Laugardagur 14. des. Skógr.f. Kjósarhrepps

Sunnudagur 15. des. Skógr.f. Kópavogs

Laugardagur 21. des. Skógr.f. Kópavogs

Allir eru hvattir til að gera sér ferð upp að Fossá og velja sér fallegt jólatré því um leið og notið er útiverunnar er verið að styrkja skógræktarstarfið og efla Skógræktarfélag Kjalarness.



Sunnudagaskólinn í Brautarholtskirkju

Sunnudagaskólinn er að jafnaði annan hvern sunnudag kl 11:00 í Brautarholtskirkju. Nánari upplýsingar eru á baksíðu Kjalnesings og undir liðnum "Á Döfinni" á www.kjalarnes.is.

Það verður gaman hjá okkur í vetur. Við ætlum að syngja fullt af skemmtilegum lögum og hlusta á fræðandi biblíusögur.



Svo kemur hann sr. Gunnar Jóhannesson héraðsprestur stundum í heimsókn til okkar með vini sína Rebba ref og Músarpésa – þá er sko stuð! Verið öll hjartanlega velcomin!

Kveðja,
Rannveig Iðunn
og Palli Helga

**Munið netfangalista
Íbúasamtaka Kjalarness**

Pípulagnabjónusta

Viðhald - Viðgerðir - Breytingar

Maggi pípari, S: 898-8870



Konfekt-ganga

**Fjallavinir bjóða til aðventugöngu í Esjunni
þann 1. desember 2013!**

Mæting er við Esjustofu kl. 12:00

Þar verður opið og hægt að kaupa heitt og ljúffengt súkkulaði
eftir göngu. Gengið verður upp í skóg og má reikna með að gangan
taki um 1 klst.

Sælgætisgerðin Góa býður öllum þátttakendum upp á konfektmola og
heppnir göngumenn fara svo heim með konfektkassa að göngu lokinni.

Gleðjumst saman í góðri aðventugöngu um fallegar Esjuhlíðar.

Takið börnin með og skellið upp rauðum jólahúfum!

Sjáumst hress og kát að vanda í Esjunni :)

Fararstjórar Fjallavina





Jólahelgin í glerverkstæðinu

Helgina 7. og 8. des. verður opið hús í glerblástursverkstæðinu.

Opið laugardag og sunnudag frá 10 til 15

Útsala á útlitsgölluðum glermunum og afsláttur af öðru gleri.

Kaffi og piparkökur.

Verkstæðið er staðsett milli Klébergsskóla og Grundarhverfis

Allir velkomnir

Gler í Bergvík, Glass-Studio

Sigrún Ó. Einarsdóttir, Víkurgrund 8-10, Kjalarnes,

Sími/tel: 566 7067 og 6992681

www.gleribergvik.is e-mail: glerberg@simnet.is


Skötuveisla í Fólkvangi

laugardaginn 21. desember

Húsið er opið frá klukkan 12:00 til 21:00

Verð 3.000 krónur á mann

Upplýsingar eru í síma 861-7521



Ljósinn tendruð á jólatré í Grundarhverfi


Kveikt verður á jólatrénu, sem nú verður staðsett við leikvöllinn í Grundarhverfi. Mætum í rökkurbyrjun við skemmtilega athöfn laugardaginn 30. nóvember kl. 17.00.

Kvenfélagið Esja verður með heitt kakó og smákökur til sölu gegn vægu verði og ungir sem aldnir syngja saman nokkur jólalög.

Mætum sem flest og eigum notalega stund saman í upphafi aðventu.



Kvenfélagið Esja og UMFK



Ökumennt

Ökukennsla, Akstursmat, Endurtökupróf



Pétur Þórðarson

Ökukennari

Búagrund 1 Kjalarnesi

s. 892 7480

okunam@okunam.is

www.okunam.is



Útvega mold og grús.

Vinnuvélar, krani og vörubílar í ýmsum stærðum til garðvinnu, stíga- og veglagninga o.s.f.v.

Óli Valli 897-7605

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-borðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffíu Sóleyju í síma 662 5566.

Aðventuhátíð í Fólkvangi

sunnudaginn 8. desember kl. 17

Það verður stutt en fjölbreytt dagskrá í tali og tónum.

- Hugvekja
- Jólalög
- Kórsöngur
- Jólasaga



Boðið verður upp á heitt kakó og kökur í lok stundarinnar.

Fjölmönnum og upplifum aðventustemminguna saman.

Allir hjartanlega velkomnir.

Brautarholtssókn.

Jólabingó UMFK

**Hið árlega jólabingó UMFK verður Fólkvangi
1. sunnudag í aðventu.**

Sunnudaginn 1. desember 2013 kl. 11.00

*Fullt af veglegum vinningum frá
Rúmfatalagernum, Kormáki og Skyldi,
Brúsk, Vallá, Brúneggjum, Olís, Vífilfell,
Fastus, Hekla design, 66 gráður norður,
Kaffitár, Aristo og fleirum.*

**Síðast var setið í hverju horni, svo
mætum tímanlega.**



Stjórn UMFK

Aðventukransagerð og basar í Fólkvangi á laugardaginn 30.nóvember, kl.11-14



Skógræktarfélag Kjálarness býður fríar
greni-og furugreinar til skreytinga á
staðnum og Kvenfélagið Esja verður með
sinn árvissa jólabasar ásamt sölu á smákökum frá
leikskólabörnunum okkar.



Gaman saman!!

Gott er að hafa
meðferðis skraut til
skreytinganna, greina-
klippur, vírklippur,
skæri, vír, lím, lím-
byssu, dagblöð o.fl.
sem ykkur hugnast



Þar sem framleiðsla
kvenfélagskvenna og
leikskólabarna verður
á staðnum er gott að
gera ráð fyrir kaupum á
framleiðslu þeirra áður
en lagt er af stað að
heiman.

Helgiöld í Brautarholtssókn

08. des., Sunnudagaskólinn í Brautarholtskirkju kl. 11:00.

08. des., Aðventuhátíð í Fólkvangi kl. 17:00



Messur í Reynivallakirkju í Kjós:

8. desember, guðspjónusta kl. 14,

Organisti: Páll Helgason,

Gunnar Kristjánsson
sóknarprestur